

4. gr.

Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstaka hunda eða öll veitt leyfi, telji hún brýna nauðsyn þar á að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar og lögreglu. Að öðru leyti fer um framkvæmdina samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og öðlast gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. c-staflíð 2. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmi frá 25. ágúst 1987 skal vera kr. 400 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 1.500 í fyrsta skipti, kr. 3 000 í annað og kr. 5 000 í þriðja skipti.

3. gr.

Gjöld skv. 1. og 2. gr. eru miðuð við byggingavísitölu sem í gildi var 1. mars 1987 293 stig, og sæti þau síðan hlutfallslegum breytingum fyrir hvert gjaldár miðað við breytingar á byggingavísitölu.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit til að öðlast gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

1. september 1987

Nr. 432

REGLUGERÐ

um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig matvælafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Starfsleyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa B.S. prófi í matvælafræðum frá Háskóla Íslands. Ráðherra getur að fenginni umsögn Matvæla- og næringafræðingafélags Íslands og þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem matvælafræði eru kennd, veitt þeim starfsleyfi, ótakmarkað eða tímabundið, sem lokið hafa sambærilegu háskólaprófi erlendis. Í þeim tilvikum skal umsækjandi sanna þekkingu sína í íslenskri matvælafræðingafélagsmáli, séu um erlenda ríkisborgara að ræða.

3. gr.

Matvælafræðingur skal starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um matvæli og aðrar neysluvörur. Starfssvið matvælafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, kennslustofnunum heilbrigðisstétta og matvælastofnunum. Matvælafræðingar starfa á eigin ábyrgð.

4. gr.

Óheimilt er að ráða sem matvælafræðinga aðra en þá, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Matvælafræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur gilda um starfólk það sem matvælafræðingar kunna að hafa í starfi.

6. gr.

Matvælafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

7. gr.

Um matvælafræðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969, svo sem um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis.